

**Ed.**

**1243. Nefndarálit**

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta, og leggur meiri hluti hennar til, að frv., eins og gengið var frá því í Nd., verði breytt í sama form og það var, er stjórnin lagði það fyrir Alþingi. Þó getur meiri hl. nefndarinnar fallið á þá tillögu, sem samþykkt var í Nd., að ný hluthafaskrá verði gerð, svo að gengið verði úr skugga um, hverjir séu hluthafar í félaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála og láti á yfirstandandi ári fara fram nafnskráningu hlutabréfa félagsins.

Alþingi, 28. febr. 1945.

Magnús Jónsson,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
frsm.

Kristinn E. Andrésson.